

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Samráðsgátt

22. maí 2020

### Efni: Umsögn um reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 7. maí síðastliðinn. Reglugerðin sækir lagastoð sína í 8. gr. laga um endurskoðendur nr. 94/2019 sem hljóðar svo:

#### ■ 8. gr. Starfsábyrgðartrygging.

- Endurskoðanda er skylt að hafa starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögum þessum. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn löggildingu sína, sbr. 1. mgr. 11. gr.
- Endurskoðendaráð setur reglur um lágmarksfjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu váttryggingartaka.
- Endurskoðandi skal fyrir 15. janúar ár hvert senda endurskoðendaráði staðfestingu þess að hann hafi gilda starfsábyrgðartryggingu.
- Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda.

Fyrirhuguð reglugerð virðist að mörgu leyti byggja á gildandi reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda sem er frá árinu **1997 (673/1997)** sem er að mörgu leyti úrelt eða á skjön við það sem hefur tíðkast í framkvæmd og aðra gildandi löggjöf. Að mati SFF þykir því tilefni til þess að gera athugasemdir við nokkur ákvæði reglugerðarinnar en þær athugasemdir eru eftirfarandi:

#### Um 4. gr. reglugerðarinnar

Í 4. gr. reglugerðarinnar er talað um að þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa hjá sama endurskoðunarfyritæki og bera óskipta bótaábyrgð þá geti þeir fullnægt váttryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega váttryggingu enda komi nöfn þeirra allra fram í váttryggingarskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir skv. reglum endurskoðendaráðs um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðenda umfram einn. Þetta ákvæði er ekki í samræmi við það sem tíðkast hefur í reglum um starfsábyrgðartryggingar fagstétta hvort heldur sem um ræðir endurskoðendur eða aðra. Reglur „um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu“ voru lagðar fram til samráðs samhliða reglugerðinni. Í þeim er gert ráð fyrir því að starfsábyrgðartrygging endurskoðenda skuli nema minnst 20 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks og að heildarfjárhæð váttryggingabóta innan hvers árs skuli nema minnst 50 millj. kr. Þá skal hámark eigin áhættu ekki vera hærra en 5 millj. kr. skv. reglunum. Það þekkist í framkvæmd að endurskoðendastofur séu með nokkra tugi endurskoðenda undir sama váttryggingarskírteini og framangreind hækkan váttryggingafjárhæða mun auðveldlega leiða til þess að lágmarks váttryggingarfjárhæð vegna einstaks tjónstilviks fari vel yfir 100 milljónir króna. Þetta getur leitt til þess að iðgjöld hækki talsvert vegna endurtryggingarkostnaðar. SFF telja þörf á að vekja athygli ráðuneytisins á þessu atriði og hvetja til nánari skoðunar.

#### Um 6. gr. reglugerðarinnar

Í 6. gr. reglugerðarinnar segir að váttryggingafélag sem greitt hefur bætur sé heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi. Sams konar ákvæði er að finna í gildandi reglugerð. Reglugerðarákvæði þetta samrýmist ekki almennum reglum 27. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 þar sem kveðið er á um að félagið eigi ekki endurkröfufurét í ábyrgðartryggingu á váttrygðan

Þegar um stórkostlegt gáleysi er að ræða, aðeins í tilvikum ásetnings. Þessi grein laga um váttryggingasamninga er ófrávíkjanleg en heimilt er að semja sig sérstaklega frá henni þegar um er að ræða váttryggingu sem varðar atvinnurekstur 5 ársverka eða fleiri eins og þá í tilvikum margra endurskoðendaskrifstofa. En sú heimild er almennt ekki notuð hér á landi. Þar að auki samrýmist skilyrðið um stórkostlegt gáleysi sem skilyrði endurkröfu gagnvart þriðja manni ekki almennum lagasjónarmiðum. Aðilar bera almennt skaðabótaábyrgð á grundvelli gáleysis í íslenskum rétti og því kæmi ákvæði í reglugerðinni í veg fyrir að váttryggingafélag sem greiðir bætur úr starfsábyrgðartryggingu eigi endurkröfurétt á hendur öðrum aðila sem bæri skaðabótaábyrgð in solidum með váttrygðum endurskoðanda eða eftir atvikum váttryggingafélagi viðkomandi. Það er því ljóst að þessi grein stenst ekki skoðun í óbreyttri mynd.

### Um 7. gr. reglugerðarinnar

Í 7. gr. er ákvæði þar sem talað er um tilkynningarskyldu váttryggingafélags til endurskoðendaráðs vegna bótaskyldra tjóna, þ.e.a.s. váttryggingafélögum ber „að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til endurskoðendaráðs“. Kveðið er á um tilkynningarskyldu sem þessa í gildandi reglugerð en hún er til fjármálaráðuneytisins. Þótt segja megi að það geti verið eðlilegt að endurskoðendaráð hafi einhverja yfirsýn yfir heildarfjölda krafna og greiðslna yfir tiltekið tímabil, þá verður ekki annað séð en að með þessu verði félögin að upplýsa endurskoðendaráð um allar kröfur á hendur endurskoðendum. Hér er um úrelta reglu að ræða að mati SFF þar sem váttryggingafélög bera ríka þagnarskyldu um málefni sinna váttryggingartaka og eðlilegt að lagaákvæði kvæði á um undantekningu frá þeirri þagnarskyldu. Í 3. mgr. 8. gr. laga um endurskoðendur nr. 94/2019 er einungis kveðið á um að endurskoðandi skuli fyrir 15. janúar ár hvert senda endurskoðendaráði staðfestingu á því að hann hafi gilda starfsábyrgðartryggingu. Þá má einnig nefna að nefndarmenn fá þá mögulega vitneskju um viðkvæm mál, kröfur og viðskiptakjör þeirra eigin samkeppnisaðila. Öðru máli gæti gegnt ef félögin ættu að veita upplýsingar um heildarfjölda innkominna tjónstilkynninga og jafnvel heildargreiðslur ársins án persónugreinanlegra upplýsinga, líkt og t.d. gildir samkvæmt lögum og reglugerð um sjúklingatryggingar og er einnig ramminn utan um eftirlitsnefnd fasteignasala. Ef nauðsynlegt er að fá upplýsingar um einstaka viðskiptavini félaganna væri eðlilegra að þeirra upplýsinga væri aflað frá þeim sjálfum beint, þ.e. að mælt yrði fyrir um einhverja tilkynningarskyldu endurskoðenda til endurskoðendaráðs. SFF leggast því gegn þessu ákvæði.

### Um ákvæði til bráðabirgða

Með ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að nýjar tryggingar taki gildi frá og með 1. september næstkomandi. Þessi regla eykur umstang og fyrirhöfn váttryggingafélaga við útgáfu váttryggingarinnar og leggja SFF því til að ný starfsábyrgðartrygging taki gildi við endurnýjun hvers og eins skírteinis.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur